

Mál nr. 13/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 29. mars var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 13/2015

X

gegn

Y og Z  
og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. ágúst 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Y og Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina V við rakkann W án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 20. janúar 2016 og þeim gefinn andmælafrestur til 17. febrúar. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 23. febrúar 2016 þar sem þeim var gefinn viðbótarsvarfrestur til 1. mars. Kærðu virtu ekki heldur viðbótarfrest og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um að kærðu myndu halda uppi vörnum í málinu né útskýra meint brot sitt þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 15. maí 2015 var tíkin V pöruð við rakkann W. Hundarnir eru af kyninu Alaskan malamute og eru bæði í eigu kærðu. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu nýttu sér ekki andmælarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðan framlengdan frest, né reyndu þau á nokkurn hátt að útskýra meint brot sitt.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Alaskan malamute:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvólpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Alaskan malamute skal

augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ .

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Fyrir liggur að kærðu hafa farið með rakkann í augnskoðun eftir pörunina þar sem í ljós kom til allra heilla að hann stóðst skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

Þá liggur það fyrir að kærðu hafa tvívegis áður gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem fullgild heilsufarsvottorð hefur vantað við pörun. Að mati siðanefndar er það verulegt áhyggjuefni þegar ræktendur virða að vettugi þá sjálfsögðu skyldu að heilsufarsskoða undaneldisdýr sín og vill siðanefnd koma því á framfæri við kærðu að gæta þess betur framvegis að hafa gild heilsufarsvottorð ræktunardýra sinna þegar þau eru pöruð.

Það er mat siðanefndar að brotið sé alvarlegt þar sem hér er um þriðja brot kærðu að ræða því er ljóst að kærðu hafa ekki gert sér far um að hafa í heiðri lög og reglur félagsins. Kærðu sæta því áminningu í þriðja sinn og skulu jafnframt sæta útilokun frá starfi HRFÍ almennt í 8 mánuði, þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókarskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

#### IV. Niðurstaða

Kærðu Y og Z teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða, Y sætir áminningu þriðja sinni, útilokun frá starfi HRFÍ í 8 mánuði, þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókarskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

Kærði, Z sætir áminningu þriðja sinni, útilokun frá starfi HRFÍ í 8 mánuði, þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókarskírteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

f.h siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir